

Akureyrarbær
b.t. Maríu Markúsdóttur
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 25.3.2022
UST202202-262/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulagi fyrir Höepfnarsbyggju - Aðflugsljós við Akureyrarflugvöll

Vísað er til erindis verkefnastjóra skipulagsmála á Akureyri er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Höepfnarsbyggju á Akureyri.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að austast á skipulagssvæðinu er annarri landfyllingu bætt við út í sjó í suður og norður út frá Leiruvegi. Tilgangur með landfyllingunni er að setja upp aðflugsljós fyrir Akureyrarflugvöll til að uppfylla kröfur í reglugerð og bæta aðflugsskilyrði úr norðri og auka flugöryggi. Aðflugsljósinn verða í 4,8 m hæð yfir miðlínu Leiruvegur næst veginum en lækka fjær veginum og verða nyrstu ljósinn 1,9 m á hæð. Í hverri ljósamstæðu verða 5 ljós og á milli hvefrrar samstæðu verða 30 m. Ljósinn verða einungis kveikt á meðan á aðflugi stendur og munu ekki blikka.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana en vekur athygli á því að opin landfylling flokkast sem varp í hafið, sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, og er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur